



Opinberir starfsmenn eiga þakklæti skilið


Á undanförunum misserum hefur mikið verið deilt um virði opinberra starfsmanna hérlandis og þeirra starfa sem þeir inna af hendi. Sumir hafa gengið svo langt að gefa í skyn að verðmætasköpun á sviði stjórnsýslu og almannatrygginga, heilbrigðisþjónustu og fræðslustarfsemi sé lítilvæg fyrir íslenska hagkerfið. Á sama tíma hefur umræðan annars staðar í Evrópu markast meira af þakklæti í garð opinberra starfsmanna vegna þess fordæmalausa álags sem hefur verið í opinberum kerfum vegna baráttunnar við COVID-19.

Samantekt

- ✓ Umsvif hins opinbera hafa aukist í flestum löndum Evrópu vegna baráttunnar við COVID-19. Ísland var þar ekki undanskilið en hagvöxtur í opinberum greinum var 3% árið 2020.
- ✓ Aukin framleiðsluumsvif hjá hinu opinbera hér á landi, sem birtast m.a. í auknum fjölda vinnustunda, eru nauðsynlegt viðbragð til að tryggja velferð almennings á tímum heimsfaraldurs. Þannig voru unnar 3,5 milljónum fleiri vinnustundir í opinberum greinum árið 2020 en á árinu 2019 en mest var aukningin í umönnun á dvalarheimilum og í opinberri stjórnsýslu.
- ✓ Nær önnur hver kona á íslenskum vinnumarkaði vinnur hjá hinu opinbera meðan sambærilegt hlutfall hjá körlum er 16%. Konur báru hitann og þungann af auknu álagi í opinberu kerfunum á árinu 2020 en konur eru 76% starfandi í heilbrigðis- og félagsþjónustu og fræðslustarfsemi og 60% í opinberri stjórnsýslu.
- ✓ Meiri launahækkanir á opinberum markaði en á almennum á tímabilinu 2019–2021 eru jafnaðar- og jafnréttisaðgerð í takt við markmið Lífskjarasamningsins. Þetta sýna tölur Kjaratölfræðinefndar um þróun grunntímakaups í kjarasamningslotunni sem nú er að baki.

Hagvöxturinn í opinberum greinum var viðbragð við faraldri

Umsvif hins opinbera jukust í 19 af 34 löndum Evrópu á síðasta ári skv. samanburði Eurostat vegna baráttunnar við COVID-19. Samdráttur í nokkrum löndum skýrðist aðallega af samdrætti í varnarmálum. Ísland var þar engin undantekning en helstu atvinnugreinar á opinberum markaði uxu um 3% meðan aðrar atvinnugreinar hagkerfisins drógust saman um 9% að meðaltali, aðallega vegna mikils samdráttar í ferðaþjónustu. Er hér horft til opinberrar stjórnsýslu og almannatrygginga, heilbrigðis- og félagsþjónustu og fræðslustarfsemi.



Heimild: Hagstofa Íslands og Eurostat.



Aukin umsvif hins opinbera má að mestu leyti rekja til fordæmalauss álags í heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu, stjórnýsly og almannatryggingum og fræðslustarfsemi sem tengdist baráttunni við faraldurinn. Þannig bættust 3,5 milljónir vinnustunda við í opinberum greinum hér á landi á árinu 2020 frá árinu 2019, mest í umönnun á dvalarheimilum og opinberri stjórnýsly. Þá þurftu fjölmargir starfsmenn hins opinbera að „hlaupa“ mun hraðar en áður og taka áhættu með eigin heilsu til að tryggja velferð almennings.

Fjölgun vinnustunda milli 2019 og 2020 í opinberum greinum (milljónir klst).



Umönnun á dvalarheimilum

Opinber stjórnýsly

Heilbrigðisþjónusta


Fræðslustarfsemi

Heimild:

Aðeins 11 lönd í samanburði 45 landa OECD drógust meira saman að raunvirði milli árunna 2019 og 2020 en Ísland. Sé horft til þess vaxtar sem varð í opinberum greinum á síðasta ári og framlag opinberra greina til hagþróunar má ætla að samdrátturinn í íslenska hagkerfinu hefði verið 8-10% á síðasta ári hið minnsta ef ekki hefði verið fyrir efnd lífshjarasamningsins og þá aukningu í framleiðsluumsvifum sem fylgdi kófinu. Ísland hefði þar með raðað sér á topp „samdráttarlistans“ með Spáni og Argentínu ef hið opinbera hefði ekki verið tól sveiflujöfnunar á síðasta ári.

Konur í framlínu varna

Á síðasta ári lenti hið aukna álag í opinberu kerfunum að stærstum hluta á konum í nær öllum löndum Evrópu. Ísland er hér engin undantekning en nær önnur hver kona á íslenskum vinnumarkaði vinnur hjá hinu opinbera meðan sambærileg tala meðal karla er 16%. Konur eru jafnframt 76% þeirra sem starfa í heilbrigðis- og félagsþjónustu, 76% í fræðslustarfsemi og 60% í opinberri stjórnýsly og almannatryggingum. Konur búa jafnframt oft við meira vinnuálag heima fyrir en makar þeirra en ólaunuð vinna kvenna innan heimilisins var metin um helmingi meiri en karla í skýrslu velferðarráðuneytisins frá árinu 2015, eða um 14 klst. á viku.






Heimildir: Hagstofa Íslands og skýrsla aðgerðarhóps velferðarráðuneytis frá árinu 2015.



Jafnaðar- og jafnréttisaðgerðin

Eitt meginmarkmið lífskjarasamningsins var að lægri laun hækkuðu meira en hin hærri. Endurspeglast þetta í hækkingun grunntímakaups á tímabilinu mars 2019 til janúar 2021 en þá hækkaði grunntímakaup félagsmanna BHM-félaga um 15-22% á opinberum markaði en 13-14% á almennum markaði þar sem laun voru hærri. Var grunllaunamunur fullvinnandi háskólamenntaðra sérfræðinga milli almenns markaðar og opinbers markaðar enda um 33% á árinu 2019. Nokkur árangur náðist í að leiðrétta kynbundinn launamun. Launaþróun hjá öðrum heildarsamtökum segir sömu sögu eins og sést á myndum hér að neðan.



Heimild: Hagstofa Íslands og Vorskýrsla Kjaratölfraeðinefndar.